

## Ísland drógst á móti Hollendingum N-Írum og Bretum í HM í knattspyrnu



### HVERNIG Á AÐ STANDA Á SKAUTUM? — sjá íþróttasíðu bls. 9

# SAMIÐ VIÐ ÞJÓÐVERJA UM 60 ÞÚSUND TONN?

Náðst hefur samkomulag milli íslensku víðræðunefndarinnar og þeirrar vestur-þýzku um veiðheimildir fyrir vestur-þýzka togara innan fiskveiðilögsögunnar. Mun Einar Agústsson koma með samningsuppkast heim með sér

og leggja það fyrir Alþingi mjög fljótlega. Ráðherrann hefur ekkert viljað láta eftir sér hafa um efni samkomulagsins.

Alþýðublaðið hefur eftir öruggum heimildum, að samið hafi verið við Vestur-Þjóðverja um 60

þús. tonna ársaflla á íslenskum miðum og mun þar fyrst og fremst vera um að ræða ufsa og karfa. Ekki er blaðinu kunnugt um, hver svæðaskiptingin er í samkomulaginu, eða hversu langt inn fyrir 200 mílna línuna á

að hleypa Þjóðverjum, en blaðið hefur fregnad, að verksmiðjutogarar verði útilokaðir frá veiðunum. Þá munu einnig vera þau ákvæði í samningnum, að bókun 6 í sáttmála Íslands við EBE verði látin taka gildi.

## Lagmetið

# Lárus fyrir dóm

Alþýðublaðið hafði samband við Lárus Jónsson, alþm. og stjórnanda Sölustofnunar lagmetisins, í sambandi við meinta stjórnunarlega óreiðu fyrirtækisins. Sagði Lárus að eftir helgina mundi stofnunin senda frá sér fréttatilkynningu um málið og í framhaldi af því mundi verða boðað til fundar með fréttamönnum.

All mikið umtal og skrif hafa spunnizt um þetta mál, og mun almenningur því væntanlega leika forvitni á að vita, hvað þarna hefur gerst. Spurningin núna er því fyrst og fremst sú, hvernig Lárus Jónsson tekur á þessum málum. Ætlar hann að skýra satt og rétt frá því, sem máli skiptir, eða er málið það „flókið“ að honum sé það um megn. Eitt er víst, að almenningur mun ekki sætta sig við venjulegt yfirklor. Lárus Jónsson stendur því frammi fyrir hinum almenna dómstóli þjóðarinnar. Það yrði tvímælalaust mikill á-litsauki fyrir hina lágt skrifuðu, en sviðfamiklu stétt stjórn-sýslu- og embættismanna, ef Lárus Jónsson kemur fram í þessu máli af fullri einurð og af drengskap.

## Ármannsfell fær gult ljós á Hæðargarðsíbúðirnar

Bygginganevnd Reykjavíkur hefur nú heimilað Armannsfelli að hefja byrjunarframkvæmdir á lóðinni á horni Grensávegur og Hæðargarðs. Hins vegar var frestað að heimila þarna byggingu þeirra 23 íbúða þar til samþykki heilbrigðisráðs liggur fyrir.

Ekki er til þess vitað að nokkur tengsl séu milli heilbrigðisráðs og fjársöfnunarnefndar Sjálfstæðis-hússins, en eins og allir vita núna, þá voru engin tengsl milli Alberts Guðmundssonar formanns fjáröflunarnefndar og Alberts Guð-

Framhald á 11. síðu.

## Áramótagjöf bankanna:

# Tékka- svik úr sögunni

Innstæðulausir tékkar eru fyrirbæri í íslensku þjóðlífi, sem almenningur er farinn að kannast nokkuð vel við. Af og til gera bankarnir einhverja könnun á fjölda og heildarupphæð þessara gúmmitékka, sem svo hafa verið nefndir. Upphæðirnar eru svímandi háar og hafa einstakir tékkar af þessu tagi farið upp í átta milljónir. Hinn almenni borgari, sem er að berjast í bókum við að greiða skatta sína, húsaleigu, fæði og klæði, auk alls annars rekur upp stór augu og furðar sig á því að svona lagað skuli geta átt sér stað. Margur smælinginn hefur reyndar þuft að borga álittegar fölgur til Seðlabankans vegna þess að hann fór óvart yfir á reikningnum, kannski 5–20 þúsund krónur. En svo fréttist af þessum stóru, sem oftast birtast þá í nafni fyrirtækja, sem þeir reka, og þeir komast upp með að spila á tékkakerfið. Þessir menn skrifa einn gúmmitékka á einn banka til þess að greiða með skuld í öðrum banka, síðan er nýr gúmmitékki gefinn út á þann banka til að greiða þann fyrri og svo koll af kolli þar til forretningsmaðurinn hefur fengið aur. Er þetta hægt, spyrja menn? Eða er þetta ómaksins vert?

Alþýðublaðið snéri sér til Einars Pálssonar hjá Reiknistofu bankanna og spurði hann, hvort þetta væri tilfellið, Einar Pálsson sagði: „Við erum komnir það langt núna, að það sem kemur inn í bankana í dag af tékkum, það er allt lesið vélrænt inn að kvöldi, þannig að þetta liggur allt fyrir daginn eftir. Þetta nær reyndar ekki enn til allra bankanna, en er sem sagt á dyrabrepinu. Víðskiptabankarnir hér í Reykjavík eru komnir inn í þetta kerfi, en einstakir bankar úti á landi ekki enn.“

Blm.: „Þetta er þá satt, að vissir einstaklingar hafi verið að leika sér með tékka á milli banka.“

SJÁ BLS. 3



Eftirlitsskipið Star Aquarius á ferð innan íslenskrar fiskveiðilögsögu í gær. Ljós.: HH.

# Reyndu að sigla á Árvakur

Nú fer að færast harka í leikinn á miðunum. Í gærdag reyndi togarinn Lord Jellicoe frá Hull að sigla á varðskipið Árvakur út af Vestfjörðum „en auðvitað án árangurs“, eins og sagði í skeyti frá skipinu. Árvakur er mun snarari í snúningum og vék sér undan ítrekuðum ásiglingartilraunum togarans.

Þessi lélegi árangur togarans hljóp í skap skipstjóra hans, enda sagði maðurinn ljótt og reyndi ítrekað að koma fram ætlun sinni í hálf klukkustund.

Í fyrrinótt var skorið aftan úr togaranum Benella frá Hull við lítinn fögnuð skipverja. Þetta gerðist á miðunum norður og

austur af Langanesi.

TF-Sýr var í gæzlu- og könnunarflugi í gærdag. Um hádegi í gærdag voru dráttarbatarnir Polaris, Aquarius og Sirius á siglingu í einni röð á norðurleið, austur af Langanesi og stefndi fylkingin til 10 brezkra togara, sem voru í hnapp um 30 mílum norðar, þar sem varðskip hélt þeim að mestu frá veiðum. Um kl. 16 í gærdag voru 5 brezkir togarar á Þistilfjarðardjúpi og voru verndarbatarnir þá komnir þangað til að passa. Aðeins einn brezku togaranna áráddi að toga og voru því sjö, sem slógu skjaldborg um veiðibjófinn, sem vandi hefur lítið haft upp úr kraf-

inu. Allur þessi viðbúnaður stafaði af því að eitt varðskip var á vappi í kring.

Landhelgisgæzlan taldi 43 brezka veiðibjófa, og voru flestir fyrir austan og héldu sig allt frá Hvalbak og norður úr.

Þá voru 6 á Vestfjarðarmiðum, en þeir stefndu allir austur nema einn, og sá verður trúlega feginn að halda austur, því ekki er sennilegt að hann fái að vera lengi í friði.

A eftirlitsfluginu í gær varð ekki vart við neinn v-þýzkan togarara frekar en verið hefur undanfarna daga, enda staðið yfir viðræður í Bonn.

# „ÞJÓÐIN EIGI ÍSLAND ALLT“

sagði Bragi Sigurjónsson er hann mælti fyrir tillögunni um eignarráð á landi og landgæðum

Mér finnst, að grundvallarsetning Íslensku stjórnarskránnar eigi að vera þessi: Íslenska þjóðin öll, einn fyrir alla og allir fyrir einn, á Ísland allt, gögn þess og gæði, og miðin umhverfis það.

Æðsta stofnun þjóðarinnar, Alþingi, fari með umráðarétt á þessari helgu eign okkar, en getur með sérstökum lögum og

reglum veitt einstaklingum, fyrirtækjum og félagsheildum, eins og t.d. sveitarfélögum, tiltekinn rétt til þessara gæða. Þetta er kjarni þeirrar skoðunar, sem þessari tillögu er ætlað að gera í réttarkennd þjóðarinnar, og afstæðan til þessarar grunnskóðunar sker úr um það að minnu mati, hvort maður er félagshyggjumáður eða sér-

hyggjumáður. Þetta sagði Bragi Sigurjónsson, er hann mælti fyrir tillögu Alþýðuflokksmanna um eignarráð á landi, gögnum þess og gæðum, á fundi sameinads Alþingis í gær.

Mjög miklar umræður urðu um tillöguna og tóku þátt í þeim þingmennirnir Páll Pétursson, Pálmi Jónsson, Helgi Seljan, Stefán Jónsson og Sighvatur

Björgvinsson, auk Braga Sigurjónssonar. Pálmi og Páll voru alfarið á móti tillögunni. Helgi Seljan samþykkur meginefni hennar og Stefán Jónsson sömuleiðis, þótt hann lýsti því yfir, að hann myndi ekki geta greitt tillögunni atkvæði sitt.

Nánar verður sagt frá umræðunum um þetta mál í Alþýðublaðinu á morgun.





## Að eitra fyrir æskuna

Refurinn þótti mikill vargur og olli bændum þungum búsfjum. Þess vegna var gripið til þess ráðs að reyna að útrýma honum eða fækka, m.a. með því að eitra fyrir hann. Margir töldu þetta ómannúðlega aðferð og mæltu á móti henni. Og manngæzkan náði yfirhöndinni, svo að hætt var að eitra fyrir refinn. Svo mikla virðingu og samúð fékk refurinn. En eitrunin heldur áfram. En nú er það ekki refurinn, heldur æskan, sem eitrad er fyrir. Og það er íslenska ríkið, sem leggur til eitrið. Fleiri og fleiri ungmenni verða áfenginu að bráð. Börn og unglingar verða ofurölvi. Rán, gripdeildir, slysfarir og jafnvel dauði sigla í kjölfar áfengisneyzlu barna og unglunga. En mannúðin rumskar ekki í brjóstinu. Eitruninni er haldið áfram. Enda er það ekki refurinn sem nú á hlut að máli, heldur það sem kallað er á hátiðlegum stundum framtíð þjóðarinnar, komandi kynslóð.

Nú segir eflaust einhver, sem þetta les: „Glóruasta ofstæki. Höflega drukkið vin gleður mannsins hjarta. Aðeins örfáir i-stöðulitir einstaklingar verða áfengisjúklingar. Það er verið að mála skráttann á vegginn. Og ef einhverjir unglingar skvetta of miklu í sig á stundum, þá er það

bara vegna þess að áfengislöggjöfin er svo vitlaus. Þetta lagast allt saman ef við færum aldursmörk þeirra sem mega kaupa og neyta áfengis niður í 18 ára aldur.“ Já, svo mörg voru þau orð, en hverjar eru staðreyndirnar?

Eg hef í sumar og hauststarfað í nefnd, sem þingflokkarnir tilnefndu og hafði það hlutverk að reyna að gera sér sem best ljóst, hversu umfangsmikið áfengisvandamálið er á Íslandi og hvað væri helzt til úrbóta. Nefndin skrifaði mönnum víðs vegar um landið og spurði þá áliti um þessi mál. Svör frá fjölmörgu fólki bárust og öll voru þau á einn veg. Áfengisneyzla var vaxandi vandamál, sérstaklega áfengisneyzla barna og unglunga.

Á árinu 1974 hafði lögreglan í Reykjavík afskipti af 11 börnun á aldrinum 12 til 14 ára vegna ölvunar. Hún hafði á þessu sama ári afskipti vegna ölvunar af 46 unglingum 15 ára og 160 unglum 16 ára. En þegar kemur að afskiptum lögreglunnar í Reykjavík árið 1974 vegna ölvunar unglunga sem orðnir eru 17 ára, þá hleypur tala þeirra upp í 231, 44 stúlkur og 187 drengir. Þessar tölur tala skýru máli, en segja þó ekki nema lítinn hluta sögunnar. Hversu margir eru þeir á þessum aldri, sem orðið hafa ölvadír án þess að lenda í höndum lögreglunnar? Það veit enginn, en eflaust eru þeir margir.

Eg átti tal við 14 ára nemanda minn, sem ég vissi að var farinn að neyta áfengis. M.a. spurði ég hann: „Er ekki erfitt fyrir krakka á þínum aldri að ná í áfengi?“ Hann svaraði mér í mikilli einlægni: „Það er miklu erfiðara að komast hjá að drekka það.“

Einar Ingimundarson, bærafógeti í Hafnarfirði, segir: „Eg tel áfengisvandamálið í landinu vera eitt af helztu og mestu vandamálum sem íslenska þjóðfélagið á við að etja um þessar mundir og raunar á síðustu 15 til 20 árum. Að mínu áliti er það fyrst og fremst sívaxandi áfengisneyzla unglunga og jafnvel barna, sem þar veldur mestu um. Eg er ekki viss um að sidrykkjumenn og ofdrykkjumenn sem konnir eru til fullorðinsára séu nú um þessar mundir tiltölulega miklu fleiri en þeir voru t.d. fyrir 15 til 20 árum.“

Árið 1971 var áfengiskaupaaldur lækkaður í nokkrum fylkjum Kanada úr 21 ári í 18 ár. Margir sögðu að unglingar 18 til 20 ára drykkju hvort sem væri og það væri betra að vidurkenna þá staðreynd í lögum, heldur en um sífelld lögbrot væri að ræða. En hvað gerðist? Yfirmaður fíkniefnarannsóknarstofnunar Ontariófylkis, dr. Daniel Archibald segir eftir könnun sem stofnunin gerði: „Lækkun aldursmarkanna hefur í för með sér stóruauna drykkju 14 til 17 ára unglunga. Fleiri og fleiri unglingar þurfa að leita aðstoðar vegna ofdrykkju.“

Í Bandaríkjunum er svipaða sögu að segja. Áfengisvandamálið magnast og nær til æ fleiri barna og unglunga. Þannig segir t.d. yfirfræðslustjórinn í Philadelphiu: „Skólakerfi okkar á við meiri vandamál að stríða af völdum áfengis en nokkurs annars.“ Og dr. Morris Chafetz, forstöðumaður áfengisvarnastofnunar ríkisins, segir: „Rannsóknir okkar sýna, að meira en 1,3 milljónir barna á aldrin-

um 13 til 17 ára verða ölvuð a.m.k. einu sinni í viku.“

Og hvað segja frændur okkar á Norðurlöndum, sem sérstaklega hafa kynnt sér þessi mál?

Egill Jensen, yfirlæknir áfengisvarnamidstöðvar í Kaupmannahöfn: „Hér eru 15 til 16 ára unglingar sem eru orðnir drykkjusjúklingar. Margir þeirra hófu áfengisneyzluna um það bil 12 ára gamlir.“

Olaf Burman áfengismálafræðingur í Svíþjóð: „Í Svíþjóð eru um 300 þúsund fullorðnir karlmenn áfengissjúklingar og misnotkunar áfengis verður sífellt meira vart hjá börnun og unglungum. Aldursflokkarnir, sem neyta áfengis eru alltaf að verða yngri og yngri.“

Kjölstad, yfirlæknir áfengisvarna í Noregi segir: „Fullorðinn maður, sem byrjar að neyta áfengis verður ef til vill drykkjusjúklingur á 10 árum, en hann getur orðið það á jafnmörgum mánuðum ef hann byrjar drykkjuna innan við tvíugt.“

Af þessu getum við séð að svona er ástandið hér og svona er ástandið þar. Æskufólk hérlendis og erlendis fellur í valinn fyrir ofdrykkjunni. Í kjölfar slíkra atburða siglir ótti, óhamingja og órvænting. Hvað skal gera? A að halda að sér höndum? Þetta eru börn en ekki refir, sem verið er að eitra fyrir. Hvar er nú mannúðin og bráðralagið? Erninum var nærri útrým með eitruninni. Hvað með afkomendur okkar, börnin? Eiga þau engan rétt á vernd gegn þessum vöðum? Eigum við kannski bara að drekka skál framtíðarinnar og halla okkur svo á hitt eyrað og sofna?



## ...fréttapráðurinn

Dagsími til kl. 20: 81866

Kvöldsími 81976

# REYF-ARA-KAUP?

Þegar verðstöðun er ekki í gildi, geta bókaútfendur sett hvaða verð, sem þeir vilja á bækur sínar, þar sem bækur eru ekki undir verðlagsákvæðum. En ef gefin er út ný bók, á meðan verðstöðun er í gildi, þá geta bókaútfendur ráðið verði bókarinnar eftir eigin gedþotta. Eru til mörg dæmi þess, að reyfarabækur, sem seldar eru í sjóppum, hafi hækkad fyrirvaralaust, og er það oft gert með því að lima nýjan verðmiða ofan á þann gamla. Gott dæmi um þetta sjálfraði bókaútfendur er, þegar eitt forlagið kallaði inn allt upplag einnar ljóðabókar, sem selst hefur mjög vel. Farið var að minnka upplag bókarinnar hjá útfandanum, og þurfti hann því að endurprenta, eða offsetprenta nýtt upplag. Bókin var fyrst gefin út árið 1964, en þegar offsetprentun bókarinnar komi aftur á markaðinn, þá var að sjálfsögðu um nákvæmlega sömu útgáfu að ræða, nema nýtt verð var komið á hana. Ekki var um það getið, að um offsetprentun hafi verið að ræða, sem að sögn útfandans er alveg lögmætt. Spurðum við hann þá, hvort þær bækur, sem voru kallaðar inn á gamla verðinu hefðu farið aftur í bókaútdrinar á nýja verðinu, en það hefði hæglega getað verið, þar sem engin breyting var gerð á bókinni. Sagði hann að þeir hefðu selt innkölluðu bækurnar í forlaginu á gamla

verðinu! Virðist þetta vera ein-skar gödmennska, eða heidar-leiki hjá forlaginu, að selja þessar innkölluðu bækur í heildsölu, í staðinn fyrir að senda þær í bókaútdrinar á nýja verðinu. Það hefði enginn getað uppgötvað mismun bókana, nema þá kannski efnafræðingar.

Nú kunna margir að halda, að þegar frumútgáfa bókar er prentuð aftur, sé um endurprentun að ræða, og þá um leið merkt hið nýja útgáfuár. Í þessu sambandi hafa menn þá í huga söfnargildi bókarinnar. Gildir þá titilblað bókarinnar miklu máli, því þar er ritað útgáfuár bókarinnar. Þetta var í gildi áður en ljósprentun-velin kom til sögunnar, því þá þurfti að endurnýja blýatrið öðru hvoru. Við hverja endurnýjun var hægt að breyta því, sem miður fór í fyrri útgáfunni, og er söfnargildið í þeirri breytingu fölgid. Með offsetprentuninni, er ekki um neina slíka breytingu að ræða, þar sem frumútgáfan er filmuð.

Nú hafa útfendur bóka, aldrei gert grein fyrir þessari breytingu, og er þá ekki nema von að kaupendur séu undrandi yfir þessum sífelldu verðhækkunum á sömu útgáfu. Aður hélt sama útgáfa á sama verði meðan upplagið var til, en nú er sama upplagið til endalaust.

Er það furdulegt, hve mikið frjálsræði útfendur hafa um verð bóka, og að eftirlit á þeim sé ekki aukið. Ef eitthvað er verðbólguaukandi, þá er það þetta frjálsræði bókaútfendur.

### SKEYTI

#### Morðtilræði við Neto

Samkvæmt fréttaskeyti frá Luanda í gær var gerð tilraun til að ræða forseta MPLA í Angólú af dögum. Forsetinn, dr. Agostinho Neto, tók við embætti sínu í gær. Hann hefur barist fyrir frelsi Angólú frá því um 1955 og hefur algerlega hafnað portúgölskum yfirráðum.

# Leikur með innistæðulausa tékka verður úr sögunni

## Framhald af forsíðu

Einar: „Já, en ég mundi segja, að áramóttagjöfin verði sú, að það verði lokað fyrir það algerlega.“

Blm.: En hafið þið nú ekki verið heldur linir við að loka á einstaklinga, sem hafa misnotað tékkana?

Einar: „Það er algerlega í höndum hvers einstaks banka. Ef einhver banki óskar þess, þá getur hann leyft mönnum að fara yfir, eins og þeir vilja.“

Alþýðublaðið hafði samband við Jóhann Ingjaldsson, aðalbókara hjá Seðlabankanum, og spurði hann, hver væri helzti munurinn á því tölvakerfi, sem bankarnir væru nú að taka upp varðandi tékkana og því gamla kerfi, sem þeir hefðu haft til þessa.

Jóhann sagði, að munurinn væri aðallega fölginn í því, að tékkarnir virkuðu sjálfir sem færslutæki. „Þetta er svipað eins og gerst hefur erlendis, að tékkar eru áletraðir með leshæfu lettri og notaðir til innlestrar strax. Það, sem tíðkaðist áður var, að gata-spjöld voru útbúið fyrir hvern einstaka tékka.“ Jóhann benti á að það sem Reiknistofan væri að gera, væri að samþæfa alla vinnu bankanna varðandi viðskiptareikningana.

Að lokum sneri Alþýðublaðið sér til Björns Tryggvasonar, bankastjóra Seðlabanka Íslands, og spurði hann, hvort hann teldi ekki að bankarnir bæru sjálfir nokkra ábyrgð á því að einstaklingar misnotuðu tékka, og jafnvel að bankarnir stuðluðu að þessari misnotkun. Björn Tryggvason sagði: „Það er helzt að bankarnir

væru ábyrgir þannig, að þeir skapi vandamál fyrir aðra, bæði einstaka viðskiptavinum og svo aðra banka, ef þeir halda hlífiskildi yfir aðila með því að veita honum áfram reikningsstöðu og tékkaeyðublöð, þó hann sé búinn að margbrjóta af sér. Að visu er ekki hægt að tala um kröfurettarlega ábyrgð.“ Björn sagði að í þessum málum væru þeir að reyna að vernda tékkaformið með því að dengja ekki áhættunni strax yfir á framseljandann heldur með því að beina athyglinni að þeim, sem misnotar formið, þ.e.a.s. útfandanum. Þannig megi vissulega tala um, að minnsta kosti móralska ábyrgð fyrir reikningsbankana, sem lokaðu ekki fyrir þá einstaklinga, sem misnotuðu tékkana.

Blm.: Hafið þið einhverjar reglur um það, að svipta menn rétti til þess að nota tékka?

Björn: „Við krefjumst þess að viðskiptabankarnir loki eftir þriðja brot, enda kemur Seðlabankinn fram fyrir þeirra hönd. Það má kannski segja að Seðlabankinn sé eins konar samvizka bankanna.“

Blm.: Og er þá lokað eftir þriðja brot?

Björn: Já, það er gert í yfirgnæfandi tilfellum.“

Blm.: Í hvaða tilfellum er það ekki gert?

Björn: „Það skæður vissulega að viðskiptabankarnir halda hlífiskildi yfir viðskiptavinum, sérstaklega stórum fyrirtækjum, sem ekki geta án tékkanna verið og hafa önnur viðskipti við bankana. Þannig hafa bankarnir setið á sér og ekki sýnt þá hörku sem skyldi.“

Blm.: Hefur þetta alltaf verið svona?

Björn: „Nei, alls ekki. Gamla kerfið var alveg öfugt. Þá dengdu bankarnir vandamálinu út í bæ, því allir tékkar sem komu inn í bankann og mynduðu uppistöðuna í innleggi inn á reikning voru teknir með fyrirvara og ef í ljós kom að þeir væru ekki góðir, þá skuldadi bankinn á reikning framseljandans, sem þá þurfti að leita til lögfræðinga út í bæ til þess að innheimta tékkann. Þetta vildum við stoppa og reyna hina leiðina, taka að okkur innheimtu og nota ekki þennan rétt strax á framseljandann. Sú herferð hefur stabið í ellefu ár, með misjöfnum árangri eða jafnvel slæmum árangri. Á meðan hefur fjöldi tékka hafa aukizt stórkostlega, enda er búið að koma flestum launþegum í stórum fyrirtækjum inn á tékka-reikninga.“

Blm.: Telur þú að misnotkun tékka hafi aukizt?

Björn: „Já, vissulega í krönu-tölum en ekki hlutfallslega.“

Blm.: En hver hefur þá verið ávinningurinn með breyttum vinnuháttum varðandi tékkaviðskiptin?

Björn: „Við höfum verndað framseljandann og gert tékkana í raun útgengilegri. Aðgerðirnar hafa beinst að því að halda við tékkaforminu og hlúa að því sem viðskiptaformi.“

Björn Tryggvason sagði, að flestir innistæðulausa tékkarnir kæmu frá hinum almenna borgara og væru það yfirleitt lágara upphæðir. Stóru upphæðirnar kæmu hins vegar frá fyrirtækjum. Sektin fyrir að skrifa innistæðulausa ávisun væri á milli 10–11% og yfirleitt reyndu menn að komast hjá því að greiða slíkt oft en einu sinni.